

stefndan til þess að greiða $\frac{3}{4}$ hluta eða kr. 33.355,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ólafur Kristjánsson f. h. Rafstöðvar Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Sigurfinni Einarssyni f. h. Sigurfinns Sigurfinnssonar kr. 33.355,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 3.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 15. maí 1954.

Nr. 157/1953. Þorvarður K. Þorsteinsson (sjálfur)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson).

Dómarar:

Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari, prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Lárusson og hæstaréttarlögmennirnir Lárus Jóhannesson og Sveinbjörn Jónsson.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Steindór Gunnlaugsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur skotið lögtaksgerðinni til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði ómerkt eða felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á lögtaksgerðinni og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð var framkvæmd til trygging-

ar lóðarleigu og eftirstöðvum fasteignagjalda, sem áfrýjandi og aðrir eigendur húseignarinnar nr. 74 við Miklubraut í Reykjavík skyldu gjalda af henni í bæjarsjóð Reykjavíkur árið 1953. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi vefengt það eitt, að lóðarleigan sé rétt krafín. Lóðarleigusamningur um greinda fasteign hefur ekki verið lagður fram í málinu. Málsaðiljar eru sammála um, að hann hafi verið gerður 1948 eða 1949 og ákvæði hans um leigugjald sé í samræmi við fyrir-mæli 2. gr. laga nr. 86 16. des. 1943.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 30. desember 1952 „að nota heimild í lögum nr. 29 4. febrúar 1952 til þess að innheimta með 200% álagi skatta og gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat“. Félagsmálaráðuneytið staðfesti samþykkt þessa samdægurs, en skildi þó vatnsskatt undan hækkun þeirri, er samþykkt bæjarstjórnar lýtur að. Svo sem samþykkt bæjarstjórnar ber með sér, var hækkun skatta og gjalda talin eiga stoð í lögum nr. 29 4. febrúar 1952. Áfrýjandi ber hins vegar bríggður á, að greind lög veiti heimild til að hækka lóðarleigu, sem sé ákveðin með gagnkvæmum samningi einkaréttar eðlis milli eigenda hússins Miklubrautar 74 og forráðamanna Reykjavíkurkaupstaðar.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram dómsgerðir lögtaks málsins, svo sem boðið er í 37. gr. laga nr. 112 18. maí 1935. Í þess stað hefur hann látið við það sitja að leggja fram endurrit úr fúgetabók. Í endurriti þessu er getið skjala þeirra, sem lágu fyrir fúgetadómi, er lögtakið fór fram, en skjöl þessi hafa hvorki verið lögð fyrir Hæstarétt í frumriti né staðfestu endurriti. Meðal annars er beiðni um lögtak ekki meðal gagna máls hér fyrir dómi og ekki hinn almenni lögtaksúrskurður, sem hin áfrýjaða lögtaksgerð styðst við, og þá ekki heldur gögn um birtingu hans. Hefðu þessi gögn væntanlega komið fram, ef dómsgerða hefði verið aflað að réttu lagi.

Vegna þessara agnúa á áfrýjun máls þykir ekki verða hjá því komizt að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 700 krónur í málskostnað.

Dómsorð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Þorvarður K. Þorsteinsson, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 700,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fúgetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1953.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Þorvarði K. Þorsteinssyni til tryggingar *fast eignagjaldi*, lóðarleigu fyrir ár 1953, að upphæð kr. 1.684,00, auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

.....

Gerðarþoli er eigi sjálfur mættur í réttinum, en mætt er að hlutun fúgeta Selma Sigurjónsdóttir, og skoraði fúgeti á hana að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst eigi geta greitt.

Benti mætta eftir áskorun fúgeta á húseignina nr. 74 við Miklubraut til lögtaks og féll frá virðingu.

Lýsti fúgeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í hinni uppskrifuðu húseign ásamt öllu múr- og naglföstu, meðfylgjandi lóð, lóðarréttindum, erfðafestulandi og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber, til tryggingar framangreindu gjaldi auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fúgeti þá fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að eigi mætti ráðstafa hinni lögteknun eign á nokkurn hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Mánudaginn 17. maí 1954.

Nr. 146/1952. **Tryggvi Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Magnúsi Einarssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Deilt um kaup á hlutabréfum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1952. Eru dómkröfur áfrýjanda þær,